

# Hópefli

Kennarar: Jóhanna Ása Einarsdóttir

| 5, 6, 7

## Markmið:

Að nemendur ...

- geti unnið með öðrum við lausn verkefna.
- geti treyst á sjálfan sig þegar hann er í vinnu með hóp.
- þekki styrkleika sína og geti nýtt þá við úrlausn á verkefnum.
- geti tjáð sig fyrir framan lítinn hóp.
- geti verið öruggur í hóp.
- finni styrkinn í því að leysa verkefni sem ein heild.

## Kennsluaðferðir:

Vika  
1. Hvað eigum við sameiginlegt?

Vika  
2. Samvinna við lausn á verkefnum.  
Nemendur leysa sameiginlega vandamál sem kemur upp í samfélaginu.

Vika  
3. Treystum hvort öðru.

Vika  
4. Ég get það sem ég vil.  
3 nemendur þurfa að leysa vandamál í sitthvoru lagi og síðan komast að sameiginlegri niðurstöðu og kynna hana fyrir hópnum.

Vika  
5. Vinnum saman í leikjum. Alls konar hópleikir sem styrkja samstöðuna í hópnum.

Koma klædd eftir veðri.

Vika  
6. Hvers þörfnumst við í lífinu og hvernig getum við öðlast það án þess að troða á rétti annarra.

Vika  
7. Hópleikir

Vika  
8. Hópleikir

### Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.
- Hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.

### Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.
- Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.

### Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum.
- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína.
- Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.

### Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.